

## Hverfisráðsfundur nr. 2 – 2023

Lóni

26. september 2023

**Fundur settur** kl. 20:00

**Mætt:** Berglind Ýr Ingvarsdóttir, Guðríður Baldvinsdóttir og Sigprúður Stella Jóhannsdóttir sem ritaði fundargerð.

### 1. Skipulags- og matslýsing fyrir aðalskipulag Norðurþings.

Farið yfir skipulags- og matslýsingu vegna endurskoðunar á aðalskipulagi Norðurþings og gerðar nokkrar athugasemdir. Eftirfarandi athugasemdir verða settar inn í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar en frestur til að skila þeim er 28. September n.k.:

#### Vegir í náttúru Íslands

Samkvæmt kortasjá vantar þó nokkra vegaslóða bæði í heiðum Kelduhverfis og á söndum norðan þjóðveggar. Hverfisráð óskar eftir að haft verði samráð við staðkunnuga, íbúa Kelduhverfis og hverfisráð. Ekki verði neinir vegslóðar settir á aðalskipulag nema með heimild landeigenda.

#### Flokkun landbúnaðarlands

Kortlagning endurspeglar ekki raunverulegar aðstæður. Aðferðafræði kortlagningar er ekki skýr og hvaða gögn liggja að baki hennar.

Skýra þarf aðferðafræði og hafa samráð við landeigendur við kortlagningu.

#### Íbúðabyggð

Tryggt verði að gert verði ráð fyrir framboði af svæðum til uppbyggingar á fjölbreyttum húsnæðisgerðum í dreifbýli sem og þéttbýli.

#### Íþróttir og útivist

Að einnig sé gert ráð fyrir útivistarmöguleikum í dreifbýli, svo sem gönguleiðum, reiðleiðum og hjólaleiðum.

#### Veitur

Bls 23 “Hitaveita Öxarfjarðar þjónar Kelduhverfi og Öxarfirði.” Engin hitaveita er í Kelduhverfi.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 21:45

# Undirritunarsíða

Sigprúður Stella Jóhannsdóttir

Guðríður Baldvinsdóttir

Berglind Ýr Ingvarsdóttir